

1. fundur skólanefndar FG á haustönn 2016 haldinn fimmtudaginn 15. sept. 2016 kl.12:00.

Mætt voru: Elísabet Siemsen skólameistari, Steinþór Einarsson formaður, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður, Þorkell Máni Pétursson, Þórunnar Sveinbjarnardóttir boðaði forföll og Sigrún Gísladóttir. Fundinn sátu einnig Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs, Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara og Guðbjörn Björnsson fulltrúi nemenda.

Eftirtalin gögn voru send fundarmönnum fyrir fundin af skólameistara þessi gögn voru síðan uppstaðan í umfjöllun fundarins.

1. Staða í rekstri eftir ágúst mánuð. Athugið að það á eftir að færa inn einhver útgjöld og tekjur
2. Gjaldskrá FG
3. Yfirlit yfir innritun í FG og nemendafjölda á haustönn 2016
4. Yfirlit yfir breytingar á starfsmannamálum á haustönn 2016

Í upphafi fundar bauð formaður skólanefndar nýjan fulltrúa nemenda velkominn og spurði um stöðu mála í félaglifi nemenda þessa stundina. Stuttlega var rætt um nýliðið busaball ofl.

1. Undir lið 1 kom fram að það á eftir að færa inn einhver útgjöld og tekjur t.d. vantaði inn leiðréttingu frá SFR. Fjallað var um að starfsmannamál væru flókin þessa önnina t.d eru fjórir aðilar að leysa af einn textilkennara í veikindafríi. Kennarar eru líka almennt með óvenju mikla yfirvinnu þessa önnina. Skólameistari og tveir kennarar skólans eru í námsorlofi því þarf að borga tvöföld laun þar. En niðurstaða umræðna var að áætlunin myndi ganga upp þar sem viðbótarfé ætti eftir að koma inn.
2. Næst voru lögð fram gögn um Gjaldskrá FG í 18 liðum. Þar hefur aðgangur að tölvukerfi hækkað litillega. Rætt var um gjaldaliði í öðrum framhaldsskólum sem ekki eru nýttir hér á bæ. Hins vegar kom fram í umræðunni að FG er eini skólinn sem endurgreiðir hluta af kostnaði þegar fjarnemar mæta í próf. Þetta er hvatning fyrir fjarnema að mæta til prófs.
Rædd var hugmynd um að efla fjarnámið og eftir stutta umræðu var ákveðið að fresta þessu máli til næsta fundar.
3. Mikil eftirspurn var eftir skólavist í FG í haust og var skólameistari að taka inn nemendur fram eftir öllu sumri. Nýir nemendur í skólanum í ár eru 236 þar af langflestir sem koma beint úr grunnskóla 196. Heildarnemendafjöldinn á haustönn 2016 er 797 þar af 736 í dagskólanum. Þar af 14 á starfsbraut annað er í kvöldskóla á Leikskólabraut og svo er það fjarnámið. Góð mæting var á fundi með foreldrum nýnema í upphafi annarinnar og sömuleiðis vel mætt á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn var sama dag. 7 foreldrar gáfu kost á sér í stjórn.
4. Lagður var fram listi með nöfnum nýrra kennara sem eru 12 á þessari önn en nokkrir eru bara í 25-50% starfi. Fyrir utan þá sem eru í orflofi og veikindafríi eru tveir kennarar í launalausum leyfi.
5. Önnur mál: Rætt um eftirlit með fjölmiðlaefni sem nemendafélagið lætur frá sér fara. Ennfremur var fulltrúi nemenda spurður út í ýmsa rekstrabætti hjá nemendafélaginu.

Fundi slitið kl.13.15

Fundarritari: Aðalbjörg Helgadóttir